

## Náttúrufræði og umhverfismennt 6.bekkur

### Hæfniviðmið

#### Geta til aðgerða

Markmið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- taka þátt í samræðum og rökræðum. Tjá sig skýrt og áheyrilega. Miðla þekkingu sinni og leikni,
- meta á gagnrýninn hátt eigin vinnubrögð og árangur. Læri af reynslunni og aðlagar skipulag og vinnubrögð til að ná betri árangri,
- vera jákvæður, kurteis og hjálpsamur. Hlusti á aðra nemendur og virði skoðanir þeirra. Vera virkur í samstarfi. Taka réttmætri gagnrýni,
- axli ábyrgð á námi sínu, nýti tímann vel og gerir sitt besta,
- sýni áræðni, þori að spyrja spurninga og fara eigin leiðir. Leiti að nýjum hugmyndum og tækifærum til náms.

#### Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- koma auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
- benda á störf sem krefjast sérþekkingar og skilji mikilvægi sérþekkingar.

#### Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- í máli og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
- nota einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
- geta útskýrt hvernig tækni nýtist í þeirra daglega lífi,
- gera sér grein fyrir hvernig marðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinum við hana,
- undirbúi og fari í rannsóknarferðir.

#### Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- lesa og skrifa um hugtök í náttúruvísindum,
- útskýra texta um náttúruvísindi sér til gagns og fara eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum,
- segja frá og framkvæma með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,
- afla sér upplýsinga er varða náttúruna,
- skrá atburði og athuganir s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og segja frá þeim,
- nota ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,
- útskýra valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,
- hlusta á og ræða hugmyndir annarra,
- læri vísindaleg vinnubrögð þ.e. kunnir að setja fram tilgátur, sannreyna þær og skrá skýrslur,
- þekki hugtökin frumbjarga og ófrumbjarga lífverur, botnleðja, sýrustig og hitastig,

- geti útskýrt hvað ljóstillífun, fæðukeðja og vistkerfi er,

### Ábyrgð á umhverfinu

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- taka eftir og ræða atriði í umhverfi sínu, sýna félögum og náttúru alúð,
- skoða og skrá dæmi um áhrif af gjörðum mannsinns á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,
- taka þátt í að skoða, greina og bæta eigin umhverfi og náttúru,
- læri um ýmsa aðra orkugjafa og tengsl við umhverfisvernd.

### Að búa á jörðinni

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- taka þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru,
- læri hvaðan vatnið í umhverfi hans kemur og kynni sér starfsemi hitaveitunar,
- læri um dægraskipti, árstíðir, tungl, sól og sólkerfið. Áhrif gróðurhúsalofttegunda á jörðina.

### Lífsskilyrði manna

Markmiðið er að nemendur ölist hæfni í að:

- taka eftir og ræða atriði í umhverfinu sínu, gera grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa,
- lýsa kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna,
- framkvæma og útskýra einfaldar athuganir úti og inni,
- læri hvernig hægt er að nýta orku vatns til að framleiða rafmagn,
- gera athuganir sem sýna áhrif hitabreytinga á vatni og sjó,
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í umhverfi sínu.

### Náttúra Íslands

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- segja frá eigin upplifun á náttúrunni og skoða lífveru í náttúrulegu umhverfi,
- lýsa algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,
- útskýra fæðukeðjur og rekja fæðu til frumframleiðanda,
- greina á milli algengustu orkugjafa á Íslandi,
- segja frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða,
- læri um tegundir lífvera sem lifa á landi, í ferskvatni og í sjó.

### Heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- geta fjallað um samspil manns og náttúru,
- flokka úrgang,
- gera grein fyrir þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.

### Tækni og þróun í samfélaginu

Markmiðið er að nemendur öðlist hæfni í að:

- flokka gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,
- ræða hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á

- heimilum og í ólíkum atvinnugreinum,
- lengd, tíma og hraða. Hljóð og tóna.